

Hörpuskin 10S

Vörulýsing

Hörpuskin 10S er sterk veggjamálning sem fyllir og hylur sérlega vel.

- Gott útrennsli
- Fyllir og hylur sérlega vel
- Myndar fallegt, jafnleitt yfirborð



Notkunarmöguleikar

Hentar innanhúss á veggum t.d. í stofnunum, skrifstofum, herbergjum, stofum og göngum, þar sem gerðar eru miklar kröfur um yfirborðsaferð.

Undirlag

Undirlagið verður að vera hreint, þurrt, traust og henta til yfirmálunar.

Meðhöndlun

Laust efni og flagnandi, eldri málningu skal fjarlægja með slípun áður en málað er.

Óhreinindi, ryk, fitu og annað sem getur haft neikvæð áhrif á viðloðun skal hreinsa með Fluren 37.

Vatnsleysanlegar upplitanir, nikótín og sót skal hreinsa með Fluren 49 og grunna svo með Interior Stop Primer.

Mattslípa skal gljáandi fleti með eldri málningu, og í einhverjum tilvikum getur verið gott að grunna með Interior Fix Primer.

Spartla þarf í sprungur, ójöfnur og göt.

Grunnið ídrægt undirlag með Forankringsgrund.

Grunnið aðra fleti með viðeigandi grunni eftir atvikum. T.d með Special grunni eða Múr og gipsgrunni.

Berið á 1-2 umferðir.

Litir þekja misvel og því má búast við að einhverjir litir kalli á fleiri umferðir til að ná fram fullri þekju.

Notkun

Notið pensil, rúllu eða sprautu.

Val á verkfærum ætti að ráðast af kröfu um lokaáferð. Mismunur á yfirborði getur orsakað litafrávik. Notið alltaf efni með sama lotunúmeri fyrir samliggjandi eða órofna yfirborðsfleti.

Notið „blautt á blautt“-aðferð við málunina og strjúkið penslinum/rúllunni að endingu í sömu átt.

Kuldi eða hiti getur haft áhrif á seigju efnisins.

Forðast verður alla rakapéttingu meðan efnið þornar / harðnar.

Kuldi og aukinn loftraki lengir þurrktíma efnisins, tímann sem þarf að líða á milli umferða og tímann sem efnið tekur að ná fullri hörðun.

Hár lofthiti og lítill loftraki stytta þurrktíma efnisins, tímann sem þarf að líða á milli umferða og tímann sem efnið tekur að ná fullri hörðun.

Gerið prufu til að kanna viðloðun og tryggja að útkoman sé í samræmi við væntingar.

Væntanleg útkoma

Matt yfirborð með jafni áferð. Polir hreinsun, þar á meðal blettahreinsun, með mjúkum burstu, vatni og klút. Sterkir og sérstaklega dekkri litir eru viðkvæmari fyrir sliti og snertingu en ljósir litir. Kólkun frá dekkri litum sökum of mikilla litarefna getur átt sér stað. Einangrar ekki blæðingar frá kvistum og vatnsleysanlegum litum, vatns- eða nikótínblettum. Sýndu varúð og settu ekki hluti á yfirborðið fyrr en málningin hefur að fullu harðnað.

Umhverfisupplýsingar

Hlífðarbúnaður fyrir: Úðun: Samfestingur, gríma með síu, hlífðarglæraugu og hanskar. Penslun/rúllun: Hlífðarglæraugu og hanskar. Pússun: Búnaður til verndar öndunarferum.

Umhverfisupplýsingar: Fjarlægð sem mesta málningu af verkferunum og þrifið þau svo með vatni. Hellið ekki málningarafgöngum í niðurföll heldur farið með á næstu endurvinnslustöð. Haldið sóun í lágmarki með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umfram málningu með réttum hætti til að hægt sé að nota síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Geymsla: Geymist á köldum en frostlausum stað. Gætið þess að umbúðirnar séu vandlega lokaðar.

Tæknilegar upplýsingar

Vara	Akrýlmálning
Loftraki	Hámarks loftraki 80% RH.
þynning	Vatn, er venjulega ekki þynnt
Þrif á verkferum o.s.frv.	Vatn og sápa

Núverandi TDS útgáfa

september 2016

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

janúar 2013